

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 5. mars 2025

Fyrirlesari: Pétur Ármannsson, arkitekt

Efni: „Guðjón Samúelsson og Landspítalinn“

Mættir: 79 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Brýning formanns nýnstjórn. Næsti fundur Látnir. Anna Björg, Sig Sigurjóns. Ingvar Kjartansson, Sig Bjarklind
Alexandra Barkardóttir

Formaður setti fund og hóf máls með því að benda mönnum á orðsendingju hans sem fylgdi fundarboðinu þar sem minnir á að núverandi stjórn lýkur störfum í maí og hvetur áhugasama félagsmenn til að gefa sig fram til þess að taka við keflinu. Hann reifaði stuttlega það sem eftir er af starfi vetrarins, tveir félagsfundiir í apríl og maí og loks aðalfundur í lok maí. Þá minntist hann látinna lækna, þeirra Ingvars Kjartanssonar, Alexöndru Barkardóttur, Sigurðar Sigurjónssonar og Önnu Bjargar Halldórsdóttur og einnig Sigurðar Bjarklind, sem var samnemandi núverandi stjórnarmanna en hvarf frá námi vegna veikinda.

Þá var kominn timi til að gefa fyrirlesara, Pétri Ármannssyni, arkitekt, orðið. Guðjón Samúelsson varð fyrstur Íslendinga til að ljúka prófi í húsagerðalist. Það gerði hann árið 1919 og ári síðar tók hann við embætti húsameistara ríkisins sem hann gegndi næstu 30 ár. Á þeim tíma teiknaði hann og samstarfsmenn flestar opinberar byggingar á landinu. Hann innleiddi fagleg vinnubrögð og markaði stefnuna í byggingar- og skipulagsmálum. Þetta var geysimikið starf og ekki endilega þakklátt. Guðjón ofgerði heilsu sinni og mátti þola óvægna gagnrýni. Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa voru samþykkt 1921 og skiðuð skipulagsnefnd. Í henni sat Guðjón ásamt Guðmundi Hannessyni, lækni og prófessor og Geir Zoëga, verkfræðingi og vegamálastjóra. Þeir Guðjón og Guðmundur áttu einkar farsælt samstarf og unnu samkvæmt hugmyndafræði ensku garðbæjahreyfingarinnar þar sem leiðarljósið var fagurfræði og lýðheilsa. Pétur sýndi fjölmörg dæmi um sjúkrahús eftir teikningum Guðjóns víða um land. Landspítalinn var fysta opinbera stórhýsið. Frumdrög voru tilbúin 1922, en sú bygging sem þar var lögð til þótti of stór. Byggingin eins og við þekkjum hana núna reis á árunum 1925-1930. Guðjón hugsaði sér tengingu Landspítalalóðarinnar við háborgina á Skólavörðuholti, sem hann gerði tillögu um, en aldrei varð af. Náið samband Guðjóns við Jónas frá Hriflu er vel þekkt og þá risu fjölmörg skólahús. Svo kom funksionalisminn með yngri arkitektum og áttu ekki samleið með Guðjóni. En Guðjón var brautryðjandi og frumkvöðull, sem birtist ekki hvað síst í efnisnotkun; hann fann upp steininguna. Hann náði að fylgja byggingu Þjóðleikhúsins til verkloka en ofkældist í seinustu eftirlitsferðinni. Hann var of veikur til að vera viðstaddur vígsluhátíðina og dó nokkrum dögum síðar. Að loknum þessa efnismikla og áhugaverða fyrirlestur svaraði Pétur nokkrum spurningum, m.a. um Hallgrímskirkju og Háskólann og fékk loks afhenta að gjöf bók formanns um Sigurð Breiðfjörð.

Fundi slitið 17:10